**Námsáætlun fyrir dönsku 9. bekkur**
**skólaárið 2025 – 2026**

**Kennarar:** Hildur Hauksdóttir og Jóhanna Pálsdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Að nemendur geti: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Lota 1**<br><br>**Smart les- og vinnubók**<br><br>**Skolen**<br>**Byen**<br><br>**Tak les- og vinnubók**<br><br>**Hjemmet** | Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. (Lesskilningur)<br><br>Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. (Frásögn)<br><br>Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. (Ritun)<br><br>Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. (Námshæfni) | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf |
| **Lota 2**<br><br>**Tak les- og** | Fundið lykilupplýsingar i texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. (Lesskilningur) | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **vinnubók**<br><br>**Familien** | Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. (Frásögn)<br><br>Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. (Samskipti)<br><br>Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. (Ritun)<br><br>Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika dönsku við eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra. (Menningarlæsi) | Verkefnavinna<br>Samræður | |
| **Lota 3**<br><br>**Tak les- og vinnubók** | Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengd daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fritid og interesser** | (Hlustun)<br><br>Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða sem ríkja í Danmörku og getur borið saman við eigin menningu. (Menningarlæsi)<br><br>Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. (Samskipti)<br><br>Sagt hnökralítið frá reynslu, fram-tíðaráformum og eigin skoðunum. (Frásögn)<br><br>Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. (Ritun) | Samræður | |
| **Lota 4**<br><br>**Tak les- og vinnubók**<br><br>**Mod er mange ting** | Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. (Hlustun)<br>Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. (Samskipti)<br><br>Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf<br>Lesskilningspróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | stuðningi frá kennara. (Námshæfni)<br><br>Samið texta þar sem ímyndunar-aflið fær að njóta sín. (Ritun)<br><br>Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. (Námshæfni) | | |
| **Lota 5**<br><br>**Smásögur** | Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. (Hlustun)<br><br>Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. (Lesskilningur)<br><br>Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram. | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf<br>Munnlegt próf/kynning<br>Hlustunarpróf |

<table>
<tr><td></td><td>(Námshæfni)<br><br>Tekið þátt í samvinnu um ýmis konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. (Námshæfni)</td><td></td><td></td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Tak, lesbók og vinnubók<br>Grammatik valin verkefni<br>Valdar smásögur og verkefni: Alarm, Et hus til fru Mose og Ole Aleksander i elevatoren<br>Verkefni frá kennara sem unnið er með á Google Classroom.<br>Danskar kvikmyndir, þættir, efni af neti og fl.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár.  Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.  Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.</td></tr>
</table>